



Skólaakstur við Þingeyjarskóla

Óskað er eftir aðila til að taka að sér eina ákveðna leið skólaaksturs við Þingeyjarskóla. Um er að ræða akstursleið frá Sandsbæjum í Aðaldal að skóla. Leitað er eftir jákvæðum og traustum einstaklingi með góða samskiptahæfni.

Samkvæmt reglum um skólaakstur í grunnskóla skal bifreiðastjóri skólalífreiða hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla skal við ráðningu liggja fyrir sakavottorð. Skólalífstjóri skal hafa bíl til umráða sem uppfyllir kröfur um öryggi og búnað skólalífreiða. Kjör eru í samræmi við gildandi samninga um skólaakstur í Þingeyjarsveit sem eru til næstu þriggja ára. Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri.

Umsóknarfrestur er til 31. júlí n.k. Umsóknir berist skriflega til sveitarstjóra, Kjarna, 650 Laugar og/eða á netfang dagbjort@thingeyjarsveit.is

Sveitarstjóri

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum **fyrir kl. 15:00.** 😊

ATH!

Verð á auglýsingum frá og með .10 janúar 2016

Verð hálsíðu er. kr.3.200.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is—895-3386



Kæru auglýsendur

Bið ykkur að virða þau tímamörk sem ég set með skil á auglýsingum.,

Kveðja

Dagný

VÖRUMÓTTAKA

HJÁ GOÐAFOSSMARKAÐI EHF
VERÐUR MIÐVIKUDAGINN 20. JÚLÍ
NÆSTKOMANDI FRÁ 17:00-20:00.

GÆÐANEFNDIN OG HJÖRDÍS.



Sumartónleikar við Mývatn 2016 -
30. starfsár

Tvennir tónleikar í kirkjum sveitarinnar.

16. júlí laugardagur kl. 21.00
Reykjahlíðarkirkja

17. júlí sunnudagur kl. 21.00
Skútustaðakirkja

Arnaldur Arnarson, gítarleikari

Arnaldur er einn þekktasti gítarleikari landsins, búsettur í Barcelona á Spáni. Hér leikur hann glæsilega tónlist frá Spáni, Suður-Ameríku, Japan og Íslandi.

Þetta er einstakt tækifæri fyrir tónlistarunnendur á Norðausturlandi!

Aðgangur er ókeypis, en frjáls framlög eru vel þegin.

28. tbl.
14. júlí
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Kæru Þingeyingar



Við hjá HSP viljum vekja athygli ykkar á Unglingalandsmóti UMFÍ sem er vímulaus íþrótt- og fjölskylduhátíð sem haldin er árlega um verslunarmannahelgina. Í ár verður mótið haldið í Borganesi dagana 28. – 31. júlí þar sem er góð keppnisaðstaða fyrir allar greinar og boðið uppá skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna. Í ár bjóðum við krakka fædda árið 2005 og fjölskyldur þeirra sérstaklega velkomin að slást með í för.

Keppnisrétt hafa allir á aldrinum 11 – 18 ára en einnig eru í boði ýmis verkefni fyrir 10 ára og yngri. Mótsgjald fyrir keppendur HSP er niðurgreitt af héraðssambandinu og er því aðeins kr. 4.000.- og geta keppendur keppt í eins mörgum greinum og þeir vilja. Keppnisgreinar í ár eru 14 talsins, sjá nánar á www.ulm.is. Skráningafrestur er til 23. júlí.

HSP verður með veislutjaldið sitt á tjaldsvæði HSP og verður þar heitt á könnunni og bakkelsi sem foreldrar koma með í púkkið. Þar verða afhent mótsöggn og ýmsar upplýsingar sem tengjast mótinu. Á föstudagskvöldinu fer fram skrudganga og fá keppendur í ár ennisbönd merkt HSP og nafni sínu. Til að auðvelda utnumhald um áprentun bandanna eru foreldrar hvattir til að ganga frá skráningu sem fyrst eða fyrir 18. júlí sé þess nokkur kostur. Ennisböndin eru gefin af Ferðaþjónustunni Narfastöðum, Dalakofanum, Framsýn, Landsbankanum, Langanesbyggð, BJ vinnuvélum, Ísfélaginu og Skóbúð Húsavíkur.

Endilega hafið samband ef einhverjar spurningar vakna í síma: 896-3107 eða á netfanginu hsth@hsth.is.

Unglingalandsmótsnefnd HSP